

Reykjavík 20. mars 2021

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur
c/o Ómar Einarsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsókn um styrk vegna endurbóta - Erindi frá Dansfélaginu Bíldshöfða

26. september 2019 skrifuðum við hjá Dansfélaginu Bíldshöfða undir húsaleigusamning vegna húsnæðis fyrir dansþjálfun að Bíldshöfða 10, 110 Reykjavík. Húsnæðið er 500 fm að stærð að meðtalinni hlutdeild í sameign. Hjá Dansfélaginu Bíldshöfða er lögð mest áhersla á samkvæmisdans sem er eina danstegundin sem er viðurkennd sem íþrótt af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og teljum við þess vegna mikilvægt að hafa öflug dansfélög í borginni sem sinna dansíþróttinni.

Við fengum húsnæðið afhent ófullbúið og náðum að gera það helsta til þess að byrja starfsemi í lok janúar 2020. Það sem er nú þegar búið að gera.

1. Smíðavinna og efni þmt milliveggir, hurðar og gólfefni á danssali. Kostnaður 6.3 milljónir.
 2. Pípulagnir, vinna og efni. Kostnaður 1.8 milljónir.
 3. Málningarvinna og efni. Kostnaður 1.7 milljónir.
 4. Raflagnir, vinna og efni. Kostnaður 4 milljónir.
 5. Hönnun og teikningar. Kostnaður 800 þús.
 6. Flóttastigi, vinna og efni. Kostnaður 3 milljónir
 7. Ómæld vinna iðkenda og félagsmanna.
- Samtals 17.6 milljónir

Það sem á eftir að framkvæma.

1. Smíðavinna og efni. Kostnaður 800 þús.
 2. Loftræstilagnir, vinna og efni. Kostnaður 400 þús.
 3. Skilti og merkingar, vinna og efni. Kostnaður 400 þús.
 4. Pípulagnir, vinna og efni. Kostnaður 300 þús.
 5. Ómæld vinna iðkenda og félagsmanna.
- Samtals 1.9 milljónir
- Alls samtals 19.5 milljónir

Við fengum styrk frá Reykjavíkurborg í október 2020 upp á kr. 2.000.000 og erum við mjög þakklát. Einnig fengum við styrk kr. 1.300.000 í mars 2020, samtals kr. 3.300.000. Við óskum eftir kr. 6.000.000 til viðbótar í styrk vegna endurbóta, sem er þá með áður fengnum styrk u.þ.b. helmingur kostnaðar vegna endurbóta á æfingahúsnæði okkar.

Sagan

Dansfélagið Bíldshöfði hóf starfsemi árið 2007. Frá 2007 til lok árs 2016 var starfsemin í húsnæði að Bíldshöfða 18. Vegna aukinna brunavarnakrafa sem húsnæðið bauð ekki upp á að hægt væri að verða við þá var ekkert annað í stöðunni en að færa okkur. Okkur fannst ánægjulegt þegar við fundum annað húsnæði á Bíldshöfða og sjáum við fyrir okkur að íbúar efri byggða Reykjavíkur fái aftur tækifæri til þess að iðka dansíþróttina.

Í dag eru á meðal iðkenda hjá okkur 3 landsliðspör. **Það má benda á að á Íslandsmeistaramóti DSÍ sem haldið var í febrúar á þessu ári vorum við með 2 Íslandsmeistaratitla af 5 mögulegum.** Í dag laugardaginn 20. mars var keppt í Íslandsmeistaramóti DSÍ í 10 dönsum og áttum við Íslandsmeistarana í flokki unglingum 2. Á vorönn erum við með um 50 iðkendur en gerum okkur vonir um að þeim fjölgi á vörnámskeiði sem byrjar eftir páska. Einnig gerum við okkur vonir um mikla fjölgun iðkenda í haust þegar heimsfaraldurinn verður á bug. Áætlanir gera ráð fyrir að við verðum við með blöndu af iðkendum sem vilja stunda dansíþróttina sér til gamans og einnig iðkendur sem vilja stunda dansíþróttina sem keppnisíþrótt.

Með fyrirfram þökk,

Ragnar Sverrisson formaður

Linda Heiðarsdóttir varaformaður

Dansfélagið Bíldshöfði

kt 430807-0210

Bíldshöfða 10

110 Reykjavík

www.dansa.is